

ÁRSSKÝRSLA

HITAVEITA EGILSSTAÐA OG FELLA

2020

SAMEINING





UPPBYGGING

Á Seyðisfirði mun þurfa að ráðast í hreinsun fráveituvatns.

EFNISYFIRLIT

ÁRSSKÝRSLA 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra	5
Skýrsla og áritun stjórnar	15
Áritun óháðs endurskoðanda	16
Rekstarreikningur	18
Efnahagsreikningur	19
Sjóðstreymisyfirlit	21
Skýringar	23



SAMEINING

Við sameiningu sveitarfélaga í Múlþing, 1. október 2020 yfirtók HEF vatns- og fráveitustarfsemi á Djúpavogi, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDARSTJÓRA 2020

Árið 2020 var um margt óvenjulegt í samfélaginu vegna heimsfaraldurs en hafði lítil áhrif á starfsemi félagsins.

Stærstu framkvæmdir ársins voru útrásarlögn út Egilsstaðanes frá væntanlegri hreinsistöð á Melshorni og endurnýjun veitulagna í miðhluta Seláss á Egilsstöðum. Þá var lögð regnvatnslögn í Tjarnarbraut norðan íþróttahúss til að minnka vatnsmagn í skólþkerfinu.

Lagning ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshérði er stórt verkefni sem HEF vinnur í umboði sveitarfélagsins. Verkefnið er viðamikið og dýrt. Leitað hefur verið eftir frekari fjárstuðningi frá stjórnvöldum.

Við sameiningu sveitarfélaga í Múlaþing, 1. október s.l. yfirtók HEF vatns- og fráveitustarfsemi á Djúpavogi, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri. Unnið er að samþættingu starfsemi veitnanna og áætlanagerð.


Mannauður

Hjá félaginu störfuðu að jafnaði 6 manns á árinu, framkvæmdastjóri, tveir í verklegum framkvæmdum og reglubundnum viðhalds- og eftirlitsstörfum, einn í fjármálastjórnun, einn í tækni- og gæðamálum og einn í hlutastarfi við ræstingu skrifstofu.


Finnur Þorsteinsson hóf störf í ágúst.

Broddi B. Bjarnason lauk farsælum starfsferli sínum hjá félaginu í vetrarbyrjun. Eru Brodda færðar bestu þakkir fyrir framlag hans til 15 ára.

Eigið fé í m.kr.



Rekstrartekjur í m.kr.



Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2020 gefur til kynna að rekstrarárið hefur verið hagstætt hvað varðar framkvæmdir og rekstrarafkomu, gengi krónunnar hefur verið nokkuð stöðugt á rekstrarárinu ásamt því að verðbólga er með minnsta móti svo að rekstrarumhverfi félagsins hefur verið hagfellt.

Heildartekjur HEF árið 2020 námu 490 m.kr. samkvæmt rekstrareikningi samanborið við 450 m.kr. árið 2019. Hafa hækkað um 8,9% frá fyrra ári.

Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 185 m.kr. samanborið við 181 m.kr. 2019. Álögð fráveitugjöld voru 168 m.kr. samanborið við 140 m.kr. 2019. Álögð vatnsgjöld 2020 voru 98 m.kr. samanborið við 85 m.kr. 2019. Fastagjöld eru 25 m.kr. en voru 24 m.kr. 2019. Aðrar tekjur eru 13 m.kr. en voru 20 m.kr. árið 2019.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 187 m.kr. samanborið við 171 m.kr. árið 2019 og hækka um rúmar 16 m.kr. milli ára.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 302 m.kr. samanborið við 279 m.kr. árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 62%, sem er það sama og árið 2019.

Afskriftir námu 102 m.kr. samanborið við rúmar 86 m.kr. árið 2019. Skýrist það að hluta af stækkuðu eignasafni eftir kaup HEF á vatns- og fráveitum á Borgarfirði, Seyðisfirði og Djúpavogi.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 200 m.kr. samanborið við 192 m.kr. árið 2019. Hrein fjármagnsgjöld námu 68 m.kr. samanborið við 56 m.kr. árið 2019.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er um 133 m.kr. Tekjuskattur nemur 11,4 m.kr.


Rekstrarmiðurstaða ársins er því um 121 m.kr. í hagnað en var 125 m.kr. 2019.

Eignir og eigið fé


Heildareignir félagsins í árslok 2020 samkvæmt efnahagsreikningi námu 2.422 m.kr. samanborið við 2.096 m.kr. í árslok 2019. Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 15 m.kr. í árslok en voru 16 m.kr. í árslok 2019.

Eigið fé félagsins er 1.069 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 948 m.kr. í árslok 2019 og er eiginfjárlutfall félagsins 44,2% samanborið við 45,2% í árslok 2019.

Uppsöfnuð fjárfesting og fjármögnun með eigin fé í m.kr. á verðlagi hvers árs.



Veltufjárlutfall



Eiginfjárhlutfallið hefur vaxið nokkuð stöðugt í rúman áratug, en með auknum verkefnum framundan er útlit fyrir að eitthvað muni ganga á eigið fé félagsins. Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.353 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 1.148 m.kr. í árslok 2019. Langtímaskuldir námu alls 1.151 m.kr. í árslok, samanborið við 995 m.kr. árið áður.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 265 m.kr. á árinu 2020 eða sem nemur 54,0% af heildartekjum ársins.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 230 m.kr. samanborið við 239 m.kr. árið 2019.

Fjárfestingar námu samtals 154 m.kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 31 m.kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 104 m.kr. og fjárfesting fráveitu 245 m.kr. Þá nam heildarkostnaður félagsins vegna gagnaveitu 39 m.kr. en á móti færast styrkur sem félagið fékk til uppbyggingar gagnaveitu í dreifbýli. Því er kostnaður félagsins vegna gagnaveitu enginn á árinu 2020.

Engin lán voru tekin á árinu. Afborganir langtímalána námu 66 m.kr. og afborganir leiguskulda 32 m.kr. Félagið greiddi samtals 31 m.kr. í vexti á árinu 2020, samanborið við 39 m.kr. árið 2019.

Handbært fé í árslok er 91,6 m.kr., samanborið við 113,5 m.kr. í árslok 2019.

Starfsemin á árinu


HITAVEITA

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam um 1.949 þús. m³, meðalvinnsla er því 62 l/sek. eða um 222 m³ á klukkustund. Á álagstímum þegar saman fer mikil vindur og frost tvöfaldast heitavatnsnotkunin. Í desember 2020 var mesta mánaðarnotkun ársins, um 222 þús. tonn eða um 304 þús. lítrar að meðaltali á klukkustund. Ársmeðalhiti 2020 á veðurstöð veitunnar á Tjarnarbraut var 4,1°C.


Sala á heitu vatni skv. rúmmetramælingu er 1,5 milljón m³. Sala á heitu vatni um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er um 322 þús. m³. Heildartekjur af heitavatnsrekstri árið 2020 námu 210 m.kr.

Íþróttamannvirki á Egilsstöðum og í Fellabæ notuðu um 118 þús. m³ árið 2020,

Meðal gjaldfrestur í dögum



Tekjur starfsþátta í m.kr.



sem er um 19% minna en árið áður. Notkun á heitu vatni til afbræðslu var um 4 þús. m³. Gróðurhúsin á Valgerðarstöðum notuðu um 20 þús. m³ árið 2020.

Verkefni veitunnar voru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns-, og fráveitulagna. Bilanir í veitukerfinu voru fátíðar, þó einhverjar uppákomur verði í flestum mánuðum. Fyrirbyggjandi endurnýjun á liðnum árum kemur til góða með lægri bilanatíðni.

Rekstur hitaveitukerfis gekk almennt vel og var niðurtími vegna bilana í kerfinu fátíður.

Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna endurnýjunar gatna eða annarra nýframkvæmda.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 31 m.kr. Rafmagn á dælubúnað kostar 18 m.kr. og hækkar um 2,5 m.kr. frá fyrra ári. Alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 4 m.kr. lægri en árið 2019.

VATNSVEITA

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög góð og stöðug frá upphafi, hitastig úr borholum er stöðugt frá 2,6°C – 4,3°C, pH gildi er 7,0 og leiðni um 62 µS/cm. Dælt er er úr tveimur af þrem borholum á Köldukvíslarsvæðinu. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2020 var um 737 þús. m³ eða að meðaltali 23 l/sek. Rafmagnskostnaður á kaldavatnsdælur var 3,3 m.kr. 2020. Rekstrarkostnaður veitukerfis vatnsveitunnar var 15 m.kr. eða um 4 m.kr. hærri en árið 2019.


Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgarði í Eiðabínghá.

Viðræður við notendur vatnsveitunnar hjá lðavöllum hafa legið niðri á tímabilinu. HEF biður viðbragða þeirra um framtíð veitunnar og rekstrarform. Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel. Öll sýni úr vatnsveitukerfum hafa staðist gæðakröfur.


Rekstur vatnsveitna á Djúpavogi, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri gengur ágætlega. Vatn er geislað með útfjólubláu ljósi á Djúpavogi og Seyðisfirði. Vatnsgæði hafa alla jafnan verið ásættanleg, en mikilvægi geislunar vega þungt í því að uppfylla gæðakröfur m.t.t. gerlafjölda. Vatn á Borgarfirði stenst gæðakröfur án geislunar.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. | Ársskýrsla 2020

Fjárfestingar á verðlagi hvers árs í m.kr.



Fjármagnskostnaður í m.kr.





LJÓSLIÐARI

Lagning ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshérei er stórt verkefni sem HEF vinnur í umboði sveitarfélagsins.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 107 m.kr., hækkaði um 14 m.kr. frá fyrra ári.

FRÁVEITA

Álögð gjöld fráveitu voru 168 m.kr. og er hækkun frá fyrra ári um 28 m.kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2020 nam 39 m.kr. en árið 2019 var kostnaðurinn 31 m.kr., hækkun um 8 m.kr. milli ára.

Samkvæmt samningum við Bólholt ehf. eru rekstrarleigusamningar vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir renna út haust 2023. Bólholt ehf. sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 157 árið 2020.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt til lækkunar á rekstrarkostnaði.


Enn hefur ekki verið komist fyrir lyktarmengun frá hreinsivirki við Einbúabla. Tilraun var gerð til að skerma hreinsivirkið af, með það að markmiði að dreifa og þynna út lykt frá hreinsivirkinu. Tilraunin skilaði ekki tilætluðum árangri. Rekstraraðili hreinsivirkisins vinnur að tillögugerð. Gangi áform um uppbyggingu hreinsivirkis á Melshorni eftir, mun hreinsivirki við Einbúabla verða tekið úr rekstri á haustdögum 2023.

Söfnun eldhúsfitu frá heimilum og fyrirtækjum, með það að markmiði að minnka verulega álag á fráveitu- og hreinsikerfi hefur verið í gangi og er vonandi komið til að vera. Margnota trektar á einnota plastflöskur eru afhentar, endurgjaldslaut, til íbúa og fyrirtækja. Tekið er á móti eldhúsfitu á móttökustöðvum í sveitarfélaginu.


GAGNAVEITA

HEF hefur unnið að lagningu ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði, því sem fellur undir átaksverkefni stjórnvalda „Ísland ljóstengt“. Þrjú stórir jarðvinnuáfangar voru boðnir út í haust sem leið. Byrjað var að leggja ljósleiðara á Efri Jökuldal og í Eiðabinghá. Haldið verður áfram á þeim köflum og plægt í Skriðdal þegar frost fer úr jörðu í vor. Næstu áfangar jarðvinnu hafa þegar verið boðnir út; Hjaltastaðabinghá, Hróarstunga

Viðskiptakröfur í m.kr.



EBITDA sem hlutfall af veltu



(eftirstöðvar), Jökulsárhlíð og Jökuldalur. Þá verður tilboðum aflað í efni og tengingar með vorinu. Áætlað er að innri Fell (sunnan Rauðalækjar) verði lokaáfangi verkefnisins, plægt með Rarik árið 2022.

Veruleg fjárvöntun er í verkefninu og hefur verið kallað eftir frekari stuðningi stjórnvalda við það. Niðurstaða liggur ekki fyrir.

SKÓGARORKA

Stjórn HEF hefur falið framkvæmdastjóra að loka félaginu, en það er skuld- og eignalaust.

HITAVEITA DJÚPAVOGSHREPPS

Horft hefur verið til þess að HEF kaupi félagið, sem staðið hefur að borun tilraunahola á Búlandsnesi með það að markmiði að hitaveituvæða þéttbýlið. Leitað hefur verið til stjórnvalda um fjárstuðning við borun og virkjun tilraunavinnsluholu, án niðurstöðu. Fyrir liggur að Orkusjóður mun styrkja uppbyggingu dreifikerfis gegn afnámi niðurgreiðslna til íbúa vegna rafhitunar.


SAMORKA

HEF er aðili að Samorku sem eru landssamtök veitna og raforkuframleiðenda. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna, ekki síst minni veitna. Samorka hefur staðið fyrir og verið málsvari veitnanna gagnvart stjórnvöldum. Á árinu var m.a. unnið að endurskoðun tengiskilmála hitaveitna og reglum um framlög ríkisins til fráveituframkvæmda. Drjúg vinna Samorku felst í umsagnarvinnu, svo sem vegna Hálandisþjóðgarðs, regluverks um vindorku og „orkupakkanna“ sem hafa verið fyrirferðarmiklir í umræðu síðustu ára. HEF á fulltrúa í ráðgjafaráði og fagráðum samtakanna.


Reikningshald og endurskoðun

Útgefnir áætlunarreikningar úr orkukerfinu voru um 16 þús. Samtals voru gerðir um 21 þús. reikningar í orkukerfinu; uppgjörreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhaldi. Í haust var tekin upp sú nýbreytni, m.a. vegna sóttvarnareglna, að notendur lesi sjálfir af notknarmælum og skrái álesturinn á „Mínar síður“ HEF. Aflestur mæla sem ekki skila sér þangað er framkvæmdur

EBITDA starfspátta í m.kr.



Uppsöfnuð fjárfesting í m.kr.



af starfsmönnum HEF.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka eru einnig nokkur og eru samskipti við þessar fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur var gerður fyrir fyrstu 9 mánuði ársins vegna sameiningar sveitarfélaganna í Múlaþing. Hann hefur að jafnaði verið gerður fyrir fyrstu 8 mánuði ársins og er reiknað með 8 mánaða uppgjöri í framtíðinni.

Fjárfestingar

HEF keypti vatns- og fráveitur Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna við Fljótsdalshérað í Múlaþing. Samanlagt kaupverð er 204 m.kr.


Nýframkvæmdir

Á árinu 2020 var fjárfest með framkvæmdum fyrir 215 m.kr., um 80% meira en árið áður. Í hitaveitu voru nýframkvæmdir fyrir 31 m.kr. í vatnsveitunni fyrir 25 m.kr., fráveitunni fyrir 120 m.kr. og gagnaveitu á Fljótsdalshéraði fyrir 39 m.kr. Stærstu verkefni á Egilsstöðum voru lagning útrásarlagnar fráveitu frá Melshorni, niður með Eyvindará og um 300m út í Lagarfljót. Á vormánuðum var lögð regnvatnslögn frá íþróttahúsi norður Tjarnarbraut, til aðskilja skólp og regnvatn. Þá var á haustdögum unninn lokaáfangi endurnýjunar veitulaga í Selási og skólp og regnvatn aðskilið í þeirri aðgerð. Hafrafell í Fellum var tengt hita- og vatnsveitu og ljósleiðara. Ljósleiðari var einnig lagður upp á Hrafnafell og í Staffell. Verkefnið var unnið í samstarfi við Rarik.


1. áfangi jarðvinnu fyrir ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði var boðinn út í haust; Skriðdalur, Eiðabínghá og Efri Jökuldalur. Framkvæmdir hófust á Efri dal og í Eiðabínghá í haust og verður áfanganum öllum lokið í sumar.

Á Seyðisfirði var nýlögnum í Hlíðarveg og Múlaveg að ljúka þegar HEF tók við veitunum. Stofnlögn fráveitu frá götunum verður lögð á næstu vikum.

Hagnaður EBITDA í m.kr.



Hagnaður EBITDA í m.kr.



Á Djúpavogi var stefnt á framkvæmd við útrás úr Voginum, en af nokkrum ástæðum var þeim framkvæmdum frestað. Endurskoðun forsendna er í vinnslu.

Viðhald og endurnýjanir

Markmið HEF er að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi.

Verkefni og framtíðarsýn

Með tilkomu Múlabings hefur umhverfi veitustarfsemi breyst umtalsvert og er spennandi áskorun að byggja upp sameiginlega veitustarfsemi. Spennandi tímar eru framundan. Greiningarvinna verður áberandi næstu misserin, þar sem veitur og verkefni þeim tengd verða krufin til mergjar og skipulögð til framtíðar áður en ráðist verður í kostnaðarsamar framkvæmdir.

Dælubúnaður í holu UV-8 verður endurnýjaður á árinu. Samningar við framleiðendur búnaðar eru í farvatninu og stefnt á útskiptingu í blíðunni í sumar.

Fráveitumál verða fyrirferðarmikil í framkvæmdum HEF á komandi árum. Á Egilsstöðum og Fellabæ verður haldið áfram með undirbúningsframkvæmdir hreinsistöðvar; sniðræsi með Eyvindará og mögulega að gatnamótum Fagradalsbratuar og Vallavegar. Þá er ætlað að vinna deiliskipulag fyrir hreinsistöðvarlöd og hefja hönnunarvinnu hreinsistöðvar. Stefnt er að lagningu útrásar á Langatanga á Djúpavogi, en nokkrir endar eru enn óhnýttir áður en að því getur orðið. Á Seyðisfirði mun fyrr en seinna þurfa að ráðast í hreinsun fráveituvatns, greiningarvinna er áætluð á árinu. Fráveitumál á Borgarfirði eystri eru í ágætu horfi eftir stórátak í rotþróavæðingu fyrir nokkrum árum.

Mikilvægt er að undirbúa verkefni og sækja stuðning til stjórnvalda til úrbóta í fráveitumálum, sem opnað var fyrir í byrjun árs 2021. Nú er hægt að sækja um stuðning (15-30%) við verkefni sem unnin voru á árinu 2020.

Á Seyðisfirði er áætlað að endurnýja stofnlögn frá vatnshreinsistöð, að lokinni greiningarvinnu um framtíðarfyrirkomulag veitunnar. Þá er

ólokið nokkrum verkefnum í kjölfar skriðufallanna í desember.

Helstu verkefni í endurnýjun á dreifikerfi veitnanna ásamt því að tvöfalda fráveitukerfið hafa ekki verið fastnegld.

Ljósleiðari í dreifbýli á Fljótsdalshéraði er verkefni í fullum gangi og ráðgert að klára að miklu leyti á árinu. Tilboð verða opnuð í 2. áfanga jarðvinnu í mars og reiknað með að honum verði að fullu lokið í nóvember nk. 3. áfangi verður boðinn út í haust eða næsta vetur í samstarfi við Rarik; suður-Fell, frá Rauðalæk í Hrafnsgarði.

Mikil fjárvöntun er í verkefnið. Framvinda er mjög háð frekari fjárveitingum stjórnvalda, en 200 m.kr. vantar til að ljúka fjármögnun verkefnisins. Því miður hefur ekki tekist að samstillja framkvæmdir HEF við ljósleiðara við þrífarsavæðingu Rarik, sem áætlað er að vinna megnið af henni eftir 5-10 ár.

Á næstu árum vonum við að heitavatnið verði notað í auknum mæli við matvælaframleiðslu.

HEF er eina veitan sem býður hitaveituvatn sem vottað er til matvælaframleiðslu og neyslu. VÖK hefur vakið athygli á þessum gæðum með eftirtektarverðum hætti, með því að bjóða gestum sínum jurtate með hitaveituvatni, beint úr krananum.

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, hafa unnið forðalíkan fyrir jarðhitakerfið frá Urriðavatni svo gera megi spár um framtíðarafköst jarðhitakerfisins og uppbyggingu dreifikerfis. Einnig liggja fyrir tillögur ÍSOR að aukinni skráningu og eftirliti með orkuvinnslunni.

Marsmánuði 2021,



Framkvæmdastjóri
Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.



VEITULAGNIR

Ein af stóru framkvæmdum ársins var endurnýjun veitulagna í miðhluta Seláss á Egilsstöðum.

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu. Þá hefur félagið tekið að sér uppbyggingu á gagnaveitu í dreyfbylí á Fljótsdalshéraði.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitur Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 121 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 2.422 m.kr. í árslok. Eigið fé nam 1.069 m.kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 44%.

Í lok september keypti félagið allar eignir vatnsveitu og fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðarhrepps fyrir samtals 204 m.kr. og tekur yfir rekstur þessara veitna frá og með 1. október 2020.

Kaupverðið er greitt í árslok 2020 en fyrir liggur samkomulag þar sem kveðið er á um að hluti kaupverðsins, alls 149 m.kr., muni greiðast í formi hlutafjár en 55 m.kr. með peningum.

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Þó enn ríki óvissa um endanleg áhrif faraldursins þá er það mat stjórnenda Hitaveitu Egilsstaða og Fella að áhrif Covid-19 á rekstur félagsins sé óveruleg og hafi ekki áhrif á greiðsluhæfi félagsins.

Í árslok 2020 nam hlutafé félagsins 433 m.kr. og breyttist ekki á árinu. Allt hlutafé er í eigu sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350, en nýtt sveitarfélag tók við öllum eignarhlutum Fljótsdalshéraðs við sameiningu Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðarhrepps.

Stjórn félagsins leggur til lað ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2021 vegna rekstrarársins 2020, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningsskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2019 og rekstarafkomu sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.


Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 11. mars 2021.

Í stjórn fyrirtækisins:


Gunnar Jónsson
Skúli Björnsson
Þorvaldur Kjartansson

Framkvæmdastjóri:


Atalsterinn Þorhallsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar eigenda Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingar á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í faflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga

og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla

beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, föslun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendum reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðuninnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 11. mars 2021

KPMG ehf.



REKSTRARREIKNINGUR 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		185.369.763	180.743.001
Álögð vatnsgjöld		98.424.742	84.804.276
Álögð fráveitugjöld		168.377.531	139.991.043
Fastagjöld		24.574.813	23.528.424
Aðrar tekjur		12.935.447	20.398.706
		<u>489.682.296</u>	<u>449.465.450</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	3	70.382.014	69.890.582
Rekstur veitukerfa		85.692.254	78.055.329
Annar rekstrarkostnaður		31.158.853	22.819.898
		<u>187.233.121</u>	<u>170.765.809</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		302.449.175	278.699.641
Afskriftir	6	(102.090.414)	(86.505.836)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		200.358.761	192.193.805
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	(67.674.500)	(55.648.700)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		132.684.261	136.545.105
Tekjuskattur ársins	8	(11.378.305)	(11.976.016)
Hagnaður ársins	10	<u>121.305.956</u>	<u>124.569.089</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 2020

Eignir		Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi	5		7.749.795	8.054.469
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi			535.020.332	450.496.753
Fráveitukerfi			525.071.760	310.640.207
Borholur og dreifikerfi hitaveitu			1.015.575.427	1.019.363.078
Kyndistöð, áhöld og búnaður			59.496.226	63.348.170
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu			59.854.158	72.996.148
	6		2.195.017.903	1.916.844.356
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Fyrirframgreiddur kostnaður vegna Brúar lífeyrissjóðs	14		15.446.387	16.089.259
			15.446.387	16.089.259
Fastafjármunir			2.218.214.085	1.940.988.084
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	9		37.856.675	20.827.226
Kröfur á tengdan aðila vegna tekna vatns- og fráveitu			69.586.053	18.570.230
Aðrar skammtímakröfur			4.696.153	2.543.100
Handbært fé	2k		91.598.403	113.483.313
Veltufjármunir			203.737.284	155.423.869
Eignir samtals			2.421.951.369	2.096.411.953

31. DESEMBER 2020

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2020	2019
Eigið fé:			
Hlutfé		433.306.421	433.306.421
Lögbundinn varasjóður		68.688.786	56.558.190
Óráðstafað eigið fé		567.353.264	458.177.904
	Eigið fé 10	<u>1.069.348.471</u>	<u>948.042.515</u>
Langtímaskuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding	8	11.793.177	9.035.123
Skuldir við lánastofnanir	11	680.115.424	715.143.374
Leiguskuldir	12	96.548.590	126.475.279
Fyrirframinnheimtar tekjur	13	159.011.775	144.277.768
Skuld við tengdan aðila vegna kaupa á veitum		203.904.420	0
		<u>1.151.373.386</u>	<u>994.931.544</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	66.037.170	62.598.506
Næsta árs afborganir leiguskulda	12	34.341.947	31.836.851
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	13	5.052.278	4.590.614
Viðskiptaskuldir		39.799.074	21.974.161
Fyrirframinnheimtir styrkir vegna gagnaveitu		31.205.660	9.215.526
Skattar ársins		8.620.251	6.935.344
Aðrar skammtímaskuldir		16.173.132	16.286.892
		<u>201.229.512</u>	<u>153.437.894</u>
	Skuldir samtals	<u>1.352.602.898</u>	<u>1.148.369.438</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>2.421.951.369</u></u>	<u><u>2.096.411.953</u></u>

SJÓÐSSTREYMISYFIRLIT 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi	10	121.305.956	124.569.089
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	102.090.414	86.505.836
Verðbætur og gengismunur		38.445.991	18.261.826
Söluhagnaður		0	(475.000)
Tekjuskattskuldbinding, breyting		2.758.054	5.040.672
Veltufé frá rekstri		264.600.415	233.902.423
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, hækkun (lækkun)		(70.198.325)	12.624.694
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)		19.396.060	(3.232.517)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		15.195.671	(4.660.074)
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting		642.872	642.872
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(34.963.722)	(5.374.975)
Handbært fé frá rekstri		229.636.693	239.277.398
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita		(31.156.475)	(14.127.907)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita		(103.853.290)	(29.919.524)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, fráveita		(244.949.524)	(47.084.841)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, gagnaveita		(38.629.943)	(51.604.551)
Styrkir vegna fjárfestinga í gagnaveita		38.629.943	51.604.551
Fyrirframinnheimtir styrkir vegna gagnaveitu		21.990.134	9.215.526
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	1.200.000
Ógreitt vegna kaupa á veitumannvirkjum Múlaþing		203.904.420	0
Fjárfestingarhreyfingar	6	(154.064.734)	(80.716.746)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána		(65.620.017)	(61.767.990)
Afborganir leiguskulda		(31.836.852)	(29.753.699)
Fjármögnunarhreyfingar		(97.456.869)	(91.521.689)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(21.884.910)	67.038.963
Handbært fé í ársbyrjun		113.483.313	46.444.350
Handbært fé í árslok		91.598.403	113.483.313
Aðrar upplýsingar:			
Greiddur fjármagnskostnaður		31.374.855	38.546.676



SKÝRINGAR

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% iðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðarog dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% iðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu	20 ár
-----------------------------	-------

h. Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveituhluti félagsins fellur undir tekjuskattskylda starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en vatnsveitu og fráveitustarfsemi undanþegin.

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á tímabilinu greinast þannig:

	2020	2019
Laun	73.673.524	64.306.006
Áunnið orlof, breyting	16.113.847	15.447.845
Launatengd gjöld	(406.503)	961.359
Lotun fyrirframgreidds kostnaðar vegna Brúar	642.872	642.872
	<u>90.023.740</u>	<u>81.358.082</u>
Eignfærð laun	(19.641.726)	(11.467.500)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>70.382.014</u>	<u>69.890.582</u>
Fjöldi starfsmanna í lok árs	6	6
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	23.876.801	26.525.556

4. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2020	2019
Vaxtatekjur og verðbætur	483.295	2.343.112
Vaxtagjöld og verðbætur	(38.564.384)	(47.448.537)
Gengismunur	(29.593.411)	(10.543.275)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(67.674.500)</u>	<u>(55.648.700)</u>

5. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 40-50 árum. Þessi liður greinst þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1.1.2020	929.469	7.125.000	8.054.469
Afskrifað á árinu	(54.674)	(250.000)	(304.674)
Bókfært verð 31.12.2020	874.795	6.875.000	7.749.795

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1.2020	110.748.570	1.852.879.117	727.650.870	647.914.573	3.339.193.130
Afskrifað áður	(47.400.400)	(833.516.039)	(277.154.114)	(337.274.369)	(1.495.344.922)
Bókfært verð 1.1.2020	63.348.170	1.019.363.077	450.496.756	310.640.204	1.843.848.208
Viðbót á árinu	0	31.156.475	03.853.289	244.949.523	379.959.287
Afskrifað á árinu	(3.851.942)	(34.944.126)	(19.329.710)	(30.517.972)	(88.643.750)
Bókfært verð 31.12.2020	59.496.227	1.015.575.427	535.020.332	525.071.760	2.135.163.745
Heildarverð 31.12.2020	110.748.570	1.884.035.592	831.504.159	892.864.096	3.719.152.417
Afskrifað samtals	(51.252.342)	(868.460.165)	(296.483.824)	(367.792.341)	(1.583.988.672)
Bókfært verð 31.12.2020	59.496.227	1.015.575.427	535.020.332	525.071.760	2.135.163.745
Afskriftahlutföll	4-33%	2,5-4%	2,5-4%	4%	
Áætlaður nýtingartími	3-25 ár	25-40 ár	25-40 ár	25 ár	

Leigðar eignir (hreinsivirki fráveitu) greinast þannig:

Bókfært verð í upphafi árs	72.996.148
Afskrifað á árinu	(13.141.990)
Bókfært verð í lok árs	59.854.158

Afskriftahlutföll

5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	38.796.068
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	19.329.710
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	30.517.972
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigueignir	13.141.990
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 5	304.674
Fært í rekstrarreikning	102.090.414



7. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka	44,8%	9.000.000	0

8. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	9.035.123
Reiknaður tekjuskattur	11.378.305
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2021 vegna ársins 2020	(8.620.251)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs	11.793.177
Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig	
Varanlegir rekstrarfjármunir	18.204.273
Viðskiptakröfur	(1.762.422)
Frestaður gengishagnaður	(4.648.673)
	11.793.177

9. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2020	2019
Niðurfærsla í ársbyrjun	14.565.359	17.919.560
Breyting á niðurfærslu ársins	612.593	(3.354.201)
Niðurfærsla í lok árs	15.177.952	14.565.359

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2019	433.306.421	56.558.190	458.177.904	948.042.515
Lagt í lögbundinn varasjóð		12.130.596	(12.130.596)	0
Hagnaður ársins			121.305.956	121.305.956
Eigið fé 31.12.2020	433.306.421	68.688.786	567.353.264	1.069.348.471

Í mars sl. tók hluthafafundur félagsins ákvörðun um að hækka hlutafé um 149 m.kr. Hlutfjárhækkun er hluti af samkomulagi við Múlaping um kaup á veitustarfsemi Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðarhrepps.

11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,5-3,85% á gjalddögum til 2027	117.869.337
Óverðtryggð lán, vextir 3,5%-4,3% á gjalddögum til 2036	381.747.446
Gengistryggð lán, vextir -0,4%-1,3% á gjalddögum til 2033	246.535.811
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	746.152.594
Næsta árs afborganir	(66.037.170)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	680.115.424

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2020

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2021	44.135.009	21.902.161	66.037.170
Árið 2022	38.438.557	21.902.161	60.340.718
Árið 2023	32.748.684	21.902.161	54.650.845
Árið 2024	32.950.026	21.902.161	54.852.187
Árið 2025	33.158.414	21.902.161	55.060.575
Síðar	318.186.091	137.025.008	455.211.099
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	499.616.781	246.535.813	746.152.594

Óverðtryggt lán félagsins hjá Arion banka sem nemur 115,6 m.kr. í árslok var framlengt í nóvember 2020 og er það í samræmi við ákvæði lánasamnings sem kveður á um heimild til að framlengja lánið til þriggja ára í senn allt til ársins 2035. Það er áætlun stjórnenda að viðhalda fjármögnuninni og eru því afborganir settar fram til samræmis.

12. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir er til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	130.890.537
Næsta árs afborgun	(34.341.947)
Samtals langtímahluti leiguskulda	<u>96.548.590</u>

Aðrir upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	6,4%	130.890.537

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig

Árið 2021	53.079.427
Árið 2022	53.079.427
Árið 2023	45.312.704
Árið 2024	23.951.582
Árið 2025	6.468.557
Síðar	11.319.975
Samtals	<u>193.211.672</u>

Greiðslur vegna leigusamninga á árinu 2020 námu 53,0 millj. kr

13. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda námu alls 22,2 m.kr. á árinu. Almennt hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins og því eru tengigjöldum ársins færð meðal tekna í rekstrarreikningi fari þau ekki yfir það viðmið en annars til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur. Er í þessu tilliti horft til hlutfalls tengigjalda einstakra veitna.

Í árslok eru tengigjöld hitaveitu og vatnsveitu umfram framangreind 5% viðmið og eru því 20,4 m.kr. færð til hækkunar á fyrirframinnheimtum tekjum hjá umræddum veitum.

Alls nema fyrirframinnheimtar tekjur 164,1 m.kr. í árslok og nemur áætluð næsta árs innlausn 5,1 m.kr.

Áætlað að færa fyrirframinnheimtar af tengigjöldum hitaveitu og vatnsveitu til tekna á 40 árum en á 25 árum vegna fráveitu.

Þá eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur, leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 0,4 m.kr. Sú fjárhæð færist til tekna á næstu 4 árum.

14. Fyrirframgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóðs eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er færð meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun	16.732.131
Gjaldfært á árinu	(642.872)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok	<u>16.089.259</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna	642.872
Langtímahluti fyrirframgreiðslu	<u>15.446.387</u>
Samtals í efnahagsreikningi	<u>16.089.259</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	553.544
Framlag í varúðarsjóð.....	<u>89.328</u>
	<u>642.872</u>

15. Önnur mál

Á árinu 2020 stefndi fyrrverandi framkvæmdastjóri félaginu til greiðslu tæplega 29 m.kr. vegna vangoldinna launa við starfslok hans á árinu 2019. Félagið hefur hafnað kröfum stefnanda og krafist sýknu. Málið biður meðferðar hjá Héraðsdómi Austurlands.

16. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

2020	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Samtals
Rekstrartekjur	209.846.112	109.159.092	170.677.092	0	489.682.296
Rekstrargjöld án afskrifta	74.900.425	37.644.245	170.677.092	0	187.233.121
Hagnaður EBITDA	134.945.687	71.514.847	95.988.642	0	302.449.175
Afskriftir	(38.850.742)	(19.579.710)	(43.659.962)	0	(102.090.414)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(38.730.921)	(18.559.401)	(10.384.178)	0	(67.674.500)
Tekjuskattur	(11.378.305)	0	0	0	(11.378.305)
Hagnaður ársins	45.985.719	33.375.736	41.944.502	0	121.305.956
Eignir starfsþátta	1.294.880.120	542.145.332	584.925.918	0	2.421.951.369
Skuldir starfsþátta	759.684.661	247.343.190	345.575.048	0	1.352.602.898
Eigið fé starfsþátta	535.195.459	294.802.142	239.350.870	0	1.069.348.471
Veltufé frá rekstri	108.414.914	66.361.304	89.824.197	0	264.600.415
Fjárfestingarhreyfingar	172.747.946	(103.853.290)	(244.949.524)	21.990.134	(154.064.734)
Fjármögnunarhreyfingar	(268.836.489)	37.766.469	155.603.285	(21.990.134)	(97.456.869)
2019	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Gagnaveita	Samtals
Rekstrartekjur	208.094.231	98.673.299	142.697.920	0	449.465.450
Rekstrargjöld	78.510.385	31.648.170	60.607.254	0	170.765.809
Hagnaður EBITDA	129.583.846	67.025.129	82.090.666	0	278.699.641
Afskriftir	(38.557.575)	(16.510.929)	(82.090.666)	0	(86.505.836)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(31.163.690)	(13.311.558)	(11.173.452)	0	(55.648.700)
Tekjuskattur	(11.976.016)	0	0	0	(11.976.016)
Hagnaður ársins	47.886.565	37.202.642	39.479.882	0	124.569.089
Eignir starfsþátta	1.263.807.753	450.957.145	381.647.055	0	2.096.411.953
Skuldir starfsþátta	774.357.615	189.966.662	184.045.161	0	1.148.369.438
Eigið fé starfsþátta	489.450.138	260.990.483	197.601.894	0	948.042.515
Veltufé frá rekstri	99.992.636	58.891.971	75.017.816	0	233.902.423
Fjárfestingarhreyfingar	(12.927.907)	(29.919.524)	(47.084.841)	9.215.526	(80.716.746)
Fjármögnunarhreyfingar	(27.954.450)	(27.961.600)	(26.390.113)	(9.215.526)	(91.521.689)



17. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2019 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 238,3 millj. kr. (2018: 246,1). Hluti varanlegra rekstrarfjármuna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 23,8 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

18. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur:	2020	2019	2018	2017	2016
Rekstrartekjur	489.682	449.465	410.871	400.913	386.898
Rekstrargjöld án afskrifta .	(187.233)	(170.766)	(186.767)	(160.512)	(155.227)
Hagnaður fyrir afskriftir	302.449	278.699	224.104	240.401	231.671
Afskriftir	(102.090)	(86.506)	(83.335)	(79.635)	(77.922)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	200.359	192.193	140.769	160.766	153.749
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(67.675)	(55.649)	(72.655)	(49.385)	(13.926)
Áhrif hlutdeildarfélags				(3.477)	(1.913)
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	132.684	136.544	68.114	107.904	137.910
Tekjuskattur ársins	(11.378)	(11.976)	(7.223)	(10.640)	(1.398)
Hagnaður ársins	121.306	124.568	60.891	97.264	136.512
Efnahagur:					
Fastafjármunir	2.218.214	1.940.988	1.937.730	1.887.787	1.859.307
Veltufjármunir	203.737	155.424	101.010	100.810	116.509
Eignir samtals	2.421.951	2.096.412	2.038.740	1.988.597	1.975.816
Eigið fé	1.069.348	948.043	823.473	762.583	665.319
Langtímaskuldir	1.151.373	994.932	1.071.838	1.091.449	1.181.963
Skammtímaskuldir	201.230	153.438	143.428	134.565	128.533
Eigið fé og skuldir samtals	2.421.951	2.096.413	2.038.739	1.988.598	1.975.816
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum ...	74	29	42	22	27
Veltufé frá rekstri	264.600	233.902	184.115	194.445	180.400
Veltufjárhlutfall	1,01	1,01	0,70	0,75	0,91
Eiginfjárhlutfall	44,2%	45,2%	40,4%	38,3%	33,7%
Arðsemi eiginfjár	11,3%	13,1%	8,0%	14,6%	25,8%



HITAVEITA

Árið 2020 var um margt óvenjulegt í samfélaginu vegna heimsfaraldurs en hafði lítil áhrif á starfsemi félagsins.



Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. Einhleypingi, 700 Egilsstaðir, kt. 470605-1110